

Jólafundur Beta- og Mýdeilda haldinn í Naustaskóla 1. desember 2016 kl. 19.

Mættar voru 35 konur.

- Aníta formaður Beta setti fundinn og bauð konur velkomnar til sameiginlegs jólafundar DKG deildanna í Eyjafirði. Hún bauð sérstaklega velkomna þá þrjá gesti sem mættu á fundinn í boði Betakvenna. Hún las þá ljóð Huldu *Hver á sér fegra föðurland* í tilefni þess að fundurinn var haldinn á fullveldisdegi Íslendinga. Þá báru Aníta og Bryndís, formaður Mý, kveðjur fjarstaddra kvenna. Að því loknu kveikti Bryndís á kertunum.
- Aníta bað þá Maríu Gunnarsdóttur úr Betadeild að leiða konur í jólasöng.
- Orð til umhugsunar: Erna Gunnarsdóttir flutti orð til umhugsunar. Hún ræddi einstaklingshyggju sem henni finnst hafa aukist og sagð frá sinni persónulegu reynslu af því ferðalagi að venja sig af því að segja: *Af hverju ég?* og segja í staðinn *af hverju ekki ég?* Hún ræddi einnig um það að fólki hættir til þess að vera dómhart í garð fólks sem það ekki þekkir og sagði frá því hvernig hún er að reyna að bæta sjálfa sig í þeim efnum.
- Þá var boðið í létt smáréttahlaðborð með jólaívaði sem stjórnir deildanna sáu um.
- Erindi kvöldsins flutti Elisabeth Jóhanna Zitterbart úr Mýdeild. Hún er frá Þýskalandi og sagði frá því hve hinn kaþólski undirbúningur jólaanna í hennar uppvexti var afskaplega ólíkur því sem nú tíðkast á Íslandi. Hún ólst upp við það að aðventan einkenndist af því að undirbúa sig fyrir hina helgu hátíð með því að setja sér mörk, neita sér um eitthvað og taka þátt í kirkjulegum athöfnum.
- Eftir erindið var borinn fram jólagrautur með möndlu og var einn gesta kvöldsins hún Kristín Viðarsdóttir svo ljónheppin að hljóta möndluhnossið. Þyngjan góða var einnig látin ganga og kynnt fyrir Mýkonum sem létu sitt ekki eftir liggja til okkar góða málefnis.
- María leiddi þá frekari söng og að því loknu var fundi slitið kl. 21.

Fundargerð ritaði Fríða Pétursdóttir